

LANDBÚNAÐARNEFND

Umsögn meiri hluta landbúnaðarnefndar

til efnahags- og viðskiptanefndar, vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar frá 1. júní 1995. Þar er þess farið á leit við landbúnaðarnefnd að hún veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, 27. mál á 119. löggjafarþingi, einkum II. – V. kafla frumvarpsins.

Landbúnaðarnefnd hefur fjallað um framangreint þingmál á fimm formlegum fundum. Fékk hún á fund sinn til viðræðna ýmsa gesti sem lýstu viðhorfum sínum til málsins og svöruðu fyrirspurnum nefndarmanna. Þá voru nefndinni afhent ýmis gögn vegna frumvarpsins sem fylgja hér með í ljósriti.

Á fund nefndarinnar komu frá landbúnaðarráðuneytinu Guðmundur Sigþórsson og Jóhann Guðmundsson, frá forsætisráðuneytinu Ólafur Davíðsson, frá fjármálaráðuneytinu Indriði H. Þorláksson, frá viðskiptaráðuneytinu Kjartan Gunnarsson, frá utanríkisráðuneytinu Pétur G. Thorsteinsson og Stefán H. Jóhannesson, frá Bændasamtökum Íslands Gísli Karlsson, Ari Teitsson, Sigurgeir Þorgeirsson og Þórólfur Sveinsson, frá Sambandi garðyrkjubænda Kjartan Ólafsson, Magnús Ágústsson, Brynja Hjálmtýsdóttir og Sigurður Þráinsson, frá Landssambandi kartöflubænda Jens Gíslason og Sigurbjartur Pálsson, frá Íslenskri verslun Hallgrímur Gunnarsson, frá Félagi íslenskra stórkaupmanna Birgir R. Jónsson og Baldvin Hafsteinsson, frá Kaupmannasamtökum Íslands Bjarni Finnsson, frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði Pétur Vilhjálmsson og Óskar H. Gunnarsson, frá Kjörís Valdimar Hafsteinsson, frá Samtökum svínabænda Kristinn Gylfi Jónsson, Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson, frá Hagkaupum Óskar Magnússon, frá Bónus Jóhannes Jónsson og loks frá Þjóðhagsstofnun Þórður Friðjónsson og Friðrik Már Baldursson. Nefndinni bárust erindi og gögn frá Sambandi garðyrkjubænda, Landssambandi kartöflubænda, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Bændasamtökum Íslands, Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, Kjörís, Neytendasamtökunum, Hagkaup h.f. og landbúnaðarráðuneytinu. Þá barst nefndinni listi frá samstarfsnefnd fimm ráðuneyta, skipaðri af forsætisráðherra, er starfaði að gerð frumvarpsins. Eru þar lagðar til nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu, að mati þeirrar nefndar. Meiri hlutinn tekur í afgreiðslu sinni mið af þeim tillögum sem þar eru lagðar fram, eins og þær hafa borist nefndinni.

Með gildistöku sammingsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina verða afnumin ýmis innflutningshöft á landbúnaðarvörur. Þannig verður framvegis ekki hægt að hefta innflutning á landbúnaðarvörum nema samkvæmt ákveðnum undanþáguheimildum sammingsins sem lúta meðal annars að takmörkun innflutnings vegna heilbrigðis manna, dýra eða plantna. Þess í stað er gert ráð fyrir tollvernd, auk þess sem tollkvótar á lægri tolltöxtum eiga að tryggja

lágmarksinnflutning á vörum sem enginn eða óverulegur innflutningur var á á viðmiðunartímabilinu 1986–88, og að innflutningur á öðrum vörum verði ekki minni en var á þeim árum. Þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið sérstaklega vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, takmarka óhjákvæmilega þær breytingar sem landbúnaðarnefnd getur lagt til við frumvarpið.

Meiri hluti landbúnaðarnefndar telur ekki ástæðu til þess að lýsa hér öllum þeim atriðum sem til álita hafa komið í umfjöllun nefndarinnar um málið, né heldur gera nákvæmlega grein fyrir afstöðu sinni til allra þeirra atriða er koma fram í þeim gögnum er fyrir nefndina hafa verið lögð. Meiri hlutinn vill þó koma á framfæri þeim athugasemdum sem hann telur helst skipta máli við afgreiðslu frumvarpsins.

Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið er fram koma í umsögn Bændasamtaka Íslands að verðforsendur fyrir útreikningi tollverndar byggist ekki nema að litlu leyti á reynslutölum og mikil óvissa sé um það hvert verði vöruval og verðlag á ýmsum flokkum er til innflutnings kemur. Ljóst er einnig að nokkurt misræmi er hvað snertir fyrirhugaða tollvernd á vörum úr sama hráefni úr mismunandi tollflokkum. Þannig fær sýrður rjómi (tollnr. 0403 9009) lágan toll í samanburði við rjóma (tollnr. 0401 3000) og kakóblandað undanrennu- og mjólkurduft (tollnr. 1806 2003) lágan toll miðað við undanrennuduft (tollnr. 0402 1000) og mjólkurduft (tollnr. 0402 2100), en þessi hráefni geta numið allt að 90% af blöndunni. Í umsögninni kemur einnig fram, hvað snertir unnar vörur sem falla undir ákvæði fríverslunarsamninga eða bókun 3 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, að frumvarpið gerir þar ráð fyrir að tollar samsvari þeim verðjöfnunargjöldum sem nú eru lögð á viðkomandi vörur og séu, a.m.k. í mörgum tilvikum, langt undir leyfilegum bindingum. Telja samtökin að hætta sé á að þetta rýri samningsstöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu, nú þegar endurskoðun á bókun 3 með EES-samningnum fer fram, þar sem ekkert svigrúm sé til þess að bjóða aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sérstök fríðindi, nema tollar þessir verði lækkaðir gagnvart þeim niður fyrir það sem viðunandi geti talist. Sé enn fremur líklegt að aðstaða okkar í næstu GATT-samningalotu verði af sömu ástæðu þrengri. Meiri hlutinn fellst ekki á þessi síðastgreindu sjónarmið bændasamtakanna. Er í því sambandi rétt að benda á að eftir sem áður verða tollbindingarnar bundnar í lögum og verða því tiltækar, hvort heldur sem er til innflutningsverndar eða til samninga ef til þess kæmi.

Landbúnaðarnefnd hefur einnig borist umsögn bændasamtakanna til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarpið. Meiri hlutinn vill áréttta mikilvægi þess þáttar er lýtur að heilbrigði, hollustu og framleiðsluháttum þeirra vara sem fluttar verða inn, þannig að ekki verði gerðar vægari kröfur að því er snertir þessa þætti til innfluttra vara en innlendirar landbúnaðarframleiðslu. Í umsögn bændasamtakanna kemur fram, að eðlilegt hljóti að teljast að ganga þannig frá lagasetningu nú að þessi skilyrði séu uppfyllt, t.d. með sérstakri grein í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Meiri hlutinn telur slíkar breytingar brýnar. Leggja fjórir nefndarmenn meiri hlutans til að breyting verði gerð við 18. gr. frumvarpsins, en sú grein felur í sér nýja 52. gr. laga nr. 99/1993, um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Árni M. Mathiesen bendir hins vegar á að hugsanlega sé sú leið betri að hafa slíkt ákvæði í sérlægum, svo sem lögum um dýralækna eða í lögum um dýrasjúkdóma og lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum. Meiri hlutinn, fyrir utan Árna, leggur því til eftirfarandi breytingar við 18. gr. frumvarpsins:

Við greinina bætist ný málsgrein, er verði 2. efnismgr., sem orðist svo:

„Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna, umfram það sem leyft er við framleiðslu

innanlands, sem geta verið hættuleg heilsu manna. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð á hvern hátt hagað skuli eftirliti með innflutningi afurðanna, sýnatökum og rannsóknum."

Að því er snertir verðlag á ýmsum flokkum landbúnaðarvara, er til innflutnings kemur, vill meiri hlutinn áréttu að í rauninni verður ekki svarað því álitamáli, hvert verði raunverulegt innflutningsverð vara, fyrr en á reynir. Útreikninga hagsmunaaðila greinir á í þessu efni. Þannig koma fram mjög mismunandi verðforsendur hjá forsvarsmönnum innflytjenda og fulltrúa Neytendasamtakanna annars vegar sem telja viðmiðunarverð frumvarpsins of lágt og hjá framleiðendum hins vegar sem óttast að ekki sé nóg að gert til þess að vernda innlenda framleiðslu. Þess hefur nokkuð gætt í umræðunni að lágmarksaðgangurinn (3–5%) njóti of mikillar tollverndar samkvæmt frumvarpinu þannig að ekki verði af innflutningi nema þá í mjög takmörkuðum mæli. Eins og fyrr greinir er af augljósum ástæðum ekki unnt á þessu stigi málsins að sannreyna hvert innflutningsverð búvara kann að verða við gildistöku samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina, en það verð hefur að sjálfsögðu grundvallaráhrif á hvert verð innfluttra vara kann að verða. Hitt liggur hins vegar fyrir að frá því að GATT-umræðan hófst hér á landi, þ.e. um svipað leyti og núverandi búvörusamningur var gerður, hefur verð á innlendum landbúnaðarvörum lækkað um u.þ.b. 20%. Þessi mikla verðlækkun á landbúnaðarvörum innan lands treystir grundvöll innlendra landbúnaðarframleiðslu í samkeppni við þær vörur sem heimilt er að flytja inn samkvæmt lágmarksaðgangi.

Miklar breytingar hafa orðið í framleiðsluháttum garðyrkjubænda á undanförunum árum og framleiðsla þeirrar greinar vaxið að miklum mun. Af því leiðir að ríkjandi markaðsaðgangur, sem tekur mið af innflutningi árið 1988, gefur ranga mynd af markaðshlutdeild innlendra framleiðslu eins og hún er nú. Í þessu felst sérstaða greinarinnar gagnvart GATT-samkomulaginu sem brýnt er að taka á með því að mæta óskum garðyrkjubænda um breytt rekstrarskilyrði. Meiri hluti landbúnaðarnefndar áréttar þessi sjónarmið. Í umsögn Samtaka garðyrkjubænda minna þeir á það að viðauki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið heimili ótakmarkaðan tollalausán innflutning mikilvægra garðyrkjuafurða fimm mánuði á ári frá löndum sem styrkja framleiðslu sína um 25% af framleiðsluverðmæti. Að athuguðu máli verður á hinn bóginn ekki séð að hlutur garðyrkjubænda sé fyrir borð borinn að því er snertir það mál sem hér er til umfjöllunar. Þvert á móti eru tollbindingar að fullu nýttar að því er garðyrkjuafurðir snertir. Þá telur meiri hlutinn að viðhorfum, er lúta að forræði þessara mála fyrir hönd framleiðenda, sé mætt í frumvarpinu og þar með sé ástæðulaus sá ótti um úthlutun tollkvóta er fram kemur í umsögn Samtaka garðyrkjubænda.

Vakin er athygli á því að stórlega hefur dregið úr neyslu kartaflna hér á landi á síðari árum. Kartöflubændur bentu þannig á að neysla innan lands hefði minnkað úr um það bil 9.000 tonnum, eins og hún var á síðasta áratug, niður í 6.000 tonn eins og nú er áætlað að hún sé. Því sé lágmarksmarkaðsaðgangur ofmetinn.

Nefndin tók einnig til sérstakrar skoðunar og aflaði sér upplýsinga vegna þess álitis er kemur fram í greinargerð frá Kjörís þar sem bent er á að um mismun milli vörutegunda sé að ræða, þ.e. innflutts íss annars vegar og t.d. innfluttrar mjólkur og jógúrtar hins vegar, þar sem hlutfall tolls sé mun lægra á ísnum. Svo virðist sem hér sé um hliðstæðu að ræða á milli jurta- og mjólkuríss og verður að athuguðu máli ekki séð að samkeppnisstaða þessarar framleiðslu muni skekkjast að óbreyttu.

Meiri hlutinn telur rétt að aukið verði við ákvæði 3. efnismgr. 24. gr. frumvarpsins í því tilliti að lögbinda að hlutaðeigandi hagsmunaaðilum verði veittur kostur á að láta uppi sjónarmið sín til nefndar þeirrar sem landbúnaðarráðherra skipar til ráðuneytis um ákvæði laganna um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Er þannig lagt til að á eftir lokamálslið 3.

mgr. komi nýr málsliður sem orðist svo:

„Áður en nefndin gerir tillögur samkvæmt framansögðu skal hún leita umsagnar hlutaðeigandi hagsmunaaðila.“

Meiri hlutinn tekur fram að þar sem frumvarp þetta felur í sér flókið og viðamikið mál sem ekki er reynsla fyrir hér á landi verður að liggja ljóst fyrir Alþingi að fylgjast þarf vel með framkvæmd þess, ef að lögum verður, og að nauðsynlegt kann að vera að endurskoða lög in í ljósi fenginnar reynslu.

Að lokum vill meiri hlutinn benda á að svo virðist sem grandskoða þurfi frumvarpið með tilliti til prentvillna og málfars og leggur áherslu að slík endurskoðun hafi farið fram áður en málið fer til annarrar umræðu á Alþingi.

7. júní 1995,

Virðingarfyllst,

Guðni Ágústsson, form.

Egill Jónsson.

Guðjón Guðmundsson.

Árni M. Mathiesen.

Magnús Stefánsson.

Reykjavík
April 1995

NOTIFICATION UNDER PARAGRAPH 1 (e) OF
ARTICLE 21 OF THE CONVENTION

Notification by the Icelandic Delegation

In accordance with paragraph 1 (e) of Article 21 of the Convention, the Icelandic Delegation notifies the following temporary price compensatory amounts in the form of variable levies on certain imported processed foodstuffs.

The levies notified are due to differences in domestic and world market prices of the relevant agricultural products and are applicable for the month May '95 - July '95.

Annex I List of reference prices and price difference.

Annex II List of temporary levies based on standard recipes.

Reykjavík
April 1995

NOTIFICATION CONCERNING THE PRICE COMPENSATION

SYSTEM APPLIED UNDER PROTOCOL NO. 2

TO THE FREE TRADE AGREEMENT

Notification by the Icelandic Delegation

The Icelandic Delegation notifies the following temporary price compensatory amounts in the form of variable levies on certain imported processed foodstuffs, in accordance with Protocol No.2 and the exchange of letters 29th November 1988.

The levies notified are due to differences in domestic and world market prices of the relevant agricultural products and are applicable for the month May '95 - July '95.

The notification contains the following Annexes:

- Annex I List of reference prices and price difference.
- Annex II List of temporary levies based on standard recipes

LIST OF REFERENCE PRICES AND PRICE DIFFERENCE

Agricultural raw materials	Reference prices per 100 kg			Price difference Isk/100 kg
	Domestic Isk. 2)	World market 1)		
		Isk.	ECU	
Whole milk powder	23342	8788	104.8	14554
Skimmed milk powder uns.	30685	7942	94.7	22743
Skimmed milk powder	23479	7942	94.7	15537
Butter, unsubsidised	95667	7639	91.1	88029
Butter	22500	7639	91.1	14861
Margarine	15800	7639	91.1	8161
Vegetable fat	6000	6015	71.8	-15
Eggs not in shell	16880	5856	69.9	11024
Cheese	44486	13975	166.7	30511
Meat, boneless				
Beef	59220	16746	199.8	42474
Sheep	48620	10656	127.1	37964
Pork	44590	11377	135.7	33213
Poultry	39650	7652	91.3	31998

- 1) The exchange rate 1 quarter 95, 1 ECU = 83.83 IKR.
World markets price for agricultural products is from 1 quarter 95
- 2) Price for domestic agricultural products is from 1 quarter 95
- 3) Unsubsidised butter and skimmed milk powder are used for products within HS heading 0403 and 2202.

ANNEX II

LIST OF TEMPORARY VARIABLE LEVIES
BASED ON STANDARD RECIPES

Number of the Icelandic Tariff	Variable Lev in Isk. per
0403.1001	6300
0403.1003	3300
0403.9001	2700
0403.9002	2700
0403.9003	2700
1806.2009	5000
1806.3101	5400
1806.3109	5400
1806.3202	5000
1806.3203	2200
1806.3209	2200
1806.9022	1900
1806.9023	5100
1806.9025	5600
1806.9026	5100
1806.9028	5000
1806.9029	5000
1901.2012	2530
1901.2013	1850
1901.2014	3600
1901.2015	1200
1901.2016	1800
1901.2017	4500
1901.2018	600
1901.2019	500
1901.2022	4000
1901.2023	9800
1901.2024	6800
1901.2029	5200
1902.1100	1300
1902.2031 *	4600
1902.3031 *	4600
1905.2000	3600
1905.3011	1600
1905.3019	1700
1905.3021	3600
1905.3029	2100
1905.3030	1200

1905.4000	1800
1905.9011	4500
1905.9019	600
1905.9020	500
1905.9040	4000
1905.9051	9800
1905.9059	6800
1905.9090	5200
2103.9002	1400
2104.1003	300
2104.1004	300
2202.9001	4100

* From 1 June 1995

Tollar á búvörur

	Innl. verð	Erl. verð	Tilfuga um toll		Hámarks tollur		Innfl.v.= erl. viðm.verð	
			Magn- tollur	Verð- tollur	skv. toll bindingu		Hámarks tollur	Tollur skv. till.
					kr/kg	%		
Nautgripakjöt:								
-Heilir og hálfir skrokkar	423	120	357	30%	376	349%	419	393
-Sneitt á annan hátt með beini								
--Hryggir og hryggsgneiðar	755	214	703	30%	837	349%	837	767
--Læri og lærissneiðar	537	152	500	30%	837	349%	837	546
--Bógar og bógbitar	338	96	315	30%	837	349%	837	344
-Beinlaust kjöt								
--Hakkað	548	155	510	30%	1551	349%	1.551	557
--Lundir	1570	445	1462	30%	1551	349%	1.554	1.554
--Hryggvöðvi	1167	331	1087	30%	1551	349%	1.551	1.186
--Vöðvar af læri	1089	309	1014	30%	1551	349%	1.551	1.107
-Tunga	452	128	421	30%	531	349%	531	459
-Lifur	288	82	243	30%	256	349%	285	268
Nautakjöt (álegg >60% kjöt)	1089	309	1014	30%	1129	349%	1.129	1.107
Nautakjöt (álegg 20-60% kjöt)	653	185	608	30%	1129	349%	1.129	664
Svínakjöt:								
-Heilir og hálfir skrokkar	364	86	361	30%	408	525%	452	387
-Sneitt á annan hátt með beini								
--Hryggir og hryggsgneiðar	825	195	775	30%	816	525%	1.023	833
--Læri og lærissneiðar	508	120	504	30%	816	525%	816	540
--Bógar og bógbitar	467	110	464	30%	816	525%	816	497
-Beinlaust kjöt								
--Hakkað	459	108	456	30%	1258	525%	1.258	488
--Lundir	1389	328	1195	30%	1258	525%	1.723	1.293
--Hryggvöðvi	1115	263	1107	30%	1258	525%	1.383	1.186
--Vöðvar af læri	1029	243	1022	30%	1258	525%	1.276	1.095
Skinka >60% kjöt	1029	243	1144	30%	1626	525%	1.626	1.217
Skinka 20-60% kjöt	617	146	686	30%	1626	525%	1.626	730
Dillakjöt:								
-Heilir og hálfir skrokkar	374	164	273	30%	337	387%	635	322
-Sneitt á annan hátt með beini								
--Hryggir og hryggsgneiðar	523	229	382	30%	597	387%	888	451
--Læri og lærissneiðar	523	229	382	30%	597	387%	888	451
--Bógar og bógbitar	330	145	241	30%	597	387%	597	284
-Beinlaust kjöt								
--Hakkað	534	234	390	30%	1156	387%	1.156	460
--Lundir	1297	569	947	30%	1156	387%	2.201	1.117
--Hryggvöðvi	1209	530	883	30%	1156	387%	2.052	1.042
--Vöðvar af læri	1209	530	883	30%	1156	387%	2.052	1.042
Hænsufuglar:								
-Heilir	505	81	439	30%	462	455%	462	462
-Í hlutum	633	102	439	30%	462	455%	462	462
-Beinlaust	1048	168	900	30%	462	455%	765	765

Innfl.v.= erl. viðm.

verð + 50%

Min./curr. acc. tollur	75% magn- tollur	Hámarks tollur	Tollur	Min./curr. acc. tollur	75% magn- tollur
137	268	628	411	206	268
275	527	1.121	799	368	527
275	375	837	569	275	375
275	236	837	358	275	236
509	383	1.551	580	509	383
510	1.096	2.332	1.662	765	1.096
509	815	1.733	1.236	569	815
509	761	1.617	1.153	531	761
174	316	671	479	220	316
94	182	428	280	140	182
371	761	1.618	1.153	531	761
371	456	1.129	691	371	456
148	271	677	400	222	271
336	581	1.535	863	504	581
268	378	945	558	310	378
268	348	869	513	285	348
413	342	1.258	505	413	342
565	896	2.584	1.343	848	896
454	830	2.075	1.226	681	830
419	766	1.915	1.131	628	766
534	858	1.914	1.253	628	858
534	515	1.626	752	534	515
208	205	952	347	312	205
291	286	1.331	485	437	286
291	286	1.331	485	437	286
196	181	840	306	276	181
379	292	1.359	495	446	292
722	710	3.302	1.203	1.084	710
673	662	3.078	1.121	1.010	662
673	662	3.078	1.121	1.010	662
152	329	553	475	181	329
152	329	693	485	227	329
251	675	1.147	976	377	675

Tollar á búvörur

	Innl. verð	Erl. verð	Tillaga um toll		Hámarks tollur		Innl.v.= erl. viðm.verð	
			Magn- tollur	Verð- tollur	skv. toll kr/ kg	bindingu %	Hámarks tollur	Tollur skv. til.
Kalkúnar:								
-Heilir	740	119	603	30%	635	485%	635	635
-Í hlutum	925	149	603	30%	635	485%	721	648
-Beinlaust	1358	218	1000	30%	635	485%	1.059	1.059
Mjólkurvörur:								
Nýmjólk	44	10	44	30%	53	515%	53	47
Undanrenna	43	7	44	30%	30	571%	40	40
Rjómi	405	92	228	30%	228	646%	595	256
Jógúrt, ávaxta	120	9	61	30%	61	574%	61	61
Mjólkurduft	582	100	430	30%	430	571%	571	460
Undanrennuft	582	100	344	30%	344	514%	514	374
Smjör	968	68	623	30%	623	657%	623	623
Brauðostur	445	114	430	30%	331	566%	645	465
Gráðostur	445	114	500	30%	331	566%	645	534
Mjólkurís	421	224	110	30%	197	88%	197	177
Egg	291	70	243	30%	243	466%	326	264
Eggjarauða, þurrkuð	886	213	875	30%	1022	466%	1.022	939
Kartöflur, útsæði	76	14	60	30%	62	434%	62	62
Kartöflur, nýjar	71	13	60	30%	58	434%	58	58
Tómatar	313	94	198	30%	219	234%	219	219
Blálaukur	317	75	227	30%	242	324%	242	242
Blókál	255	65	176	30%	190	291%	190	190
Rósakál	271	48	215	30%	223	462%	223	223
Hvítkál	106	22	79	30%	84	372%	84	84
Rauðkál	135	22	110	30%	113	522%	113	113
Kínakál	257	44	206	30%	213	482%	213	213
Spergikkál	481	160	282	30%	321	201%	321	321
Födurmergkál	239	38	196	30%	201	536%	201	201
Höfuðsalat	297	84	194	30%	213	253%	213	213
KAfrúfútsbóð	297	84	194	30%	213	253%	213	213
Gulrætur	182	39	136	30%	143	368%	143	143
Görkur	287	74	197	30%	213	289%	213	213
Eggaldinjurtir	295	141	116	30%	154	109%	154	154
Seja	310	40	276	30%	270	676%	270	270
Sveppir	500	191	400	30%	622	325%	622	457
Tröfllur	813	191	0	30%	622	325%	622	57
Paprika	652	206	397	30%	446	217%	446	446
Kúrbítur	652	206	397	30%	446	217%	446	446

Innfl.v.= erl. viðm.

verð + 50%

Min./curr. acc. tollur	75% magn- tollur	Hámarks tollur	Tollur	Min./curr. acc. tollur	75% magn- tollur
208	452	866	657	284	452
237	452	1.082	670	355	452
348	750	1.589	1.098	521	750
17	33	77	49	25	33
13	33	60	47	20	33
195	171	892	269	293	171
20	46	77	65	25	46
187	323	857	475	281	323
169	258	771	389	253	258
204	467	670	654	220	467
212	323	968	482	318	323
212	375	968	551	318	375
65	83	296	211	97	83
107	182	489	275	161	182
335	656	1.490	971	489	656
50% curr. acc.				50% curr. acc.	
4	2	93	66	6	3
4	2	87	66	6	3
28	14	329	240	42	21
22	11	363	261	34	17
20	10	285	205	29	15
14	7	334	237	22	11
7	3	125	89	10	5
6	3	170	120	10	5
13	7	320	226	20	10
48	24	482	354	72	36
11	6	302	213	17	8
25	13	320	232	38	19
25	13	320	232	38	19
12	6	215	154	18	9
22	11	320	230	33	17
42	21	231	180	64	32
12	6	405	294	18	9
57	29	933	486	86	43
57	29	933	86	86	43
62	31	669	489	92	46
62	31	669	489	92	46

Landbúnaðarráðuneytið					07.06.1995
Samanburður á frumvarpsdrögum og tilboði ESB					
Tollflokkur	Heiti	Tilb.ESB skv.bókun 3 kr/kg	Tollur skv. frumv. drög. í %	Tollur skv. frumv. drög kr/ kg	Tilb. Noregs kr/kg
	Jógúrt:				
O403 10 51	Kakaóblönduð	115	30	61	166
O403 10 53	Blönduð með ávöxtum eða hnetum	171	30	61	45
O403 10 59	Bragðbætt, ót.a.	206	30	61	
O403 10 91	Önnur	15	30	61	41
	Drykkjarjógúrt:				
O403 10 93	Kakaóblönduð	21	30	61	
O403 10 99	Blönduð með ávöxtum eða hnetum	32	30	61	
	Annað:				
O403 90 71	Kakaóblandað	115	30	53	41
O403 90 73	Blandað með ávöxtum eða hnetum	171	30	53	41
O403 90 79	Bragðbætt, ót.a.	206	30	53	
	Drykkjarvara:				
O403 90 91	Kakaóblönduð	15	30	53	
O403 90 93	Blönduð með ávöxtum eða hnetum	21	30	53	
O403 90 99	Önnur	32	30	53	

SAMTÖK AFURÐASTÖÐVA Í MJÓLKURÍÐNAÐI

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðavískaftastofnuninni.

Tollflokkur	Vörutegund sem fellur undir flokk	Skv. tollskrá VIÐAUKI - I		VIÐAUKI - IIA, 1995		Nýting bindingar	Athugasemdir
		A %	AI kr/kg	Binding skv. tilboði kr/kg	%		
0401 3000	Rjómi	30%	228	228	646%	100%	Ekki fullnotuð binding, auk þess lítil vernd þó svo binding væri nýtt 100%
0403 9019	Sýrður rjómi	30%	53	96	614%	55%	
0402 1000	Undanrennuþuft	30%	344	344	514%	100%	Ekki fullnotuð binding, auk þess lítil vernd þó svo binding væri nýtt 100%. Ekki samræmi milli tolla á hreinu þufti og íblönduðu.
0402 2100	Nýmjólkurþuft	30%	430	430	571%	100%	
** 1806 2003	Kakóblandað þuft (allt að 90% þuft)	10%	129	243	212%	53%	
*** 1517 1000	Smjörllíki m/ 10 - 15% smjörinnihaldi	ekki í tollskrá (VIÐAUKA I)		210%			

* Sýrður rjómi fellur undir sama aðaltollflokk og jógúrttegundir. Tollur verður á svipuðum nótum pr. kg og jógúrtvörur. M.l.t. verðlagskerfis á Íslandi verður sú vernd sem við fáum á þennan vöruflokk (sýrðan rjóma) ekki nægjanleg. Hámarksheimild tolla skv. tollabindingum Íslands er ekki nýtt í Tollskrá (VIÐAUKA I)

** Hér er ekki samræmi milli tolla á íblönduðu þufti og íblönduðu. Hægt er að flytja inn Nýmjólkur- og/eða undanrennuþuft með 10% Kakóíblöndun (90% þuft) á mun lægri tollum pr. kg þuft en ef um hreint þuft sé að ræða. Í þessu tilviki er hámarksheimild sbr. VIÐAUKA IIA, ekki nýtt til fulls.

*** Þennan flokk, 1517 0000, er ekki að finna í nýrri tollskrá (VIÐAUKA I). Skv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið er það sú skrá sem fara skal eftir í mægingaráttum við innflutning. Í VIÐAUKA IIA, er getið um tollabindingu fyrir þennan tollflokk en nýtingin kemur ekki fram í tollskrá VIÐAUKA I. Því má spyrja hvort tollbindingin verði ekki nýtt að neinu marki.

11/6/95
Pálmi Viltjalmarsson



Hveragerði 31.05 1995

Hr. Guðni Ágústsson, alþingismaður

Ágæti nefndarmaður!

Tilfni þessara skrifta er væntanleg breyting á íslenskum lögum vegna GATT samningsins með landbúnaðarvörur.

Fram er komið frumvarp til laga þar sem kveðið er á um tollaígildi sem innfluttar landbúnaðarvörur fá 1. júlí næstkomandi, þegar bann við innflutningi verður afnumið. Í frumvarpi þessu kemur fram að langflestar landbúnaðarvörur fá tolla sem gera það að verkum að þær verða mun dýrari en sambærileg innlend vara, fyrst um sinn. Á örfáum vörutegundum eru þó gerðar undantekningar, þar á meðal er ís til manneldis. Eftirfarandi athugasemdir vil ég gera hvað varðar tillögurnar:

Álögur á vörur eru miðaðar við sölueiningu og sölueining íss er í lítrum. Samkvæmt drögum að hinu nýja frumvarpi er álögð krónutala á kíló af ís 110 kr. Eins og fyrr sagði er ís seldur í lítra máli og vegur 1 líter = 0,53 kíló. Þetta gerir að álögur á hvern lítra eru ca. 55 kr. Heildsöluverð á ís er 211 kr/ltr. Tollaálögur á innfluttann ís yrðu 55 kr eða 25 % af heildsöluverði. Til samanburðar má geta þess að hlutfall tolls á innflutta mjólk er 100 % og á jógúrt 50 %. Hér er um greinilega mismunun milli vörutegunda að ræða, þar sem ísinn er settur í lægri flokk en allar aðrar mjólkurvörur.

Þegar skoðaðar eru álögur á hráefni til ísvinnslu þ.e. undanrennudufti og smjöri, kemur hins vegar í ljós að þau eru með hæstu mögulegum gjöldum og er því engin leið að keppa við innflutninginn með lægri hráefniskostnaði. Á þeirri hlið verður Kjörís áfram bundinn við framleiðslu Mjólkursamsölnunnar og verðlagningu innanlands.

Draga má þá niðurstöðu af þessu að ís mun lenda í verðstríði við innfluttann ís en ekki keppa á grundvelli gæða. Við vonum að tekið verði tillit til þessara athugasemda við afgreiðslu málsins. Undirritaður er tilbúinn að mæta á fund nefndarinnar eða fulltrúa hennar hvenær sem óskað er.

Með vinsemd og virðingu

Valdimar Hafstemmsson
framkvæmdastj. Kjöríss h.f.

Fá samtal við söluábyrgingunni í Kjörís

19

Alþingi
Erindi nr. P
komudagur

Ölfus, 2. júní 1995
SP/hó

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Hr. formaður Guðni Agústsson
Pórshamri
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 119 P 48
komudagur 2 16 1995

*Nokkur atriði sem snerta garðyrkju á Íslandi, sett fram vegna
Frumvarps til laga um breytingar á lögum vegna aðildar
Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (lagt fyrir Alþingi á
119. löggjafarþingi 1995).*

Eins og ykkur er kunnugt þá hefur garðyrkjan sérstöðu meðal greina landbúnaðarins vegna gífurlegs innflutnings garðyrkjuafurða á árinu 1988. Þetta hefur í för með sér skuldbindandi markaðsaðgang á lágum tollum sem í mörgum tilfellum fer langt fram úr því sem nemur innflutningi síðustu ára, samanber fylgiskjal. Án þess að fara nánar út í þá sálma þá minni ég einnig á hvernig viðauki EES-samningsins heimilar ótakmarkaðan tollalausán innflutning mikilvægra garðyrkjuafurða fimm mánuði á ári frá löndum sem styrkja framleiðslu sína um 25% af framleiðsluverðmæti. Loks vil ég nefna að gróðurhús og aðrar fjárfestingar í garðyrkju eru það sérhæfðar að þær verða vart notaðar til annars.

Í framhaldi af þessu vara ég við að aukinn verði vandi garðyrkjunnar umfram það sem GATT-samningurinn felur í sér, ef menn vilja hafa þessa atvinnugrein í landinu á annað borð.

Ég mun ekki fjalla hér um einstaka tolltaxta samanber Viðauka I, þar sem stæsti vandi garðyrkjunnar liggur í tollkvótunum.

*Um breytingar á tollalögum nr. 55/1987, með síðari
breytingum.*

Í 6. grein A er lagt til að tollar á vörur sem fluttar eru inn samkvæmt Viðauka IIIB skuli vera 30% í stað þeirra 40% sem GATT-tilboðið gerði ráð fyrir.

Í sömu grein um breytingar á tollalögum er vísað til Viðauka IVB. Umræddur viðauki virðist mjög óvandaður og ég skil hann þannig að verið sé að búa til svigrúm til að fara útfyrir GATT-rammann ef þurfa þykir og það án þess að spyrja löggjafann álitis (sjá bls. 25). Fyrir vörurnar í IVB er nefnt sérstaklega að þrepin skuli vera 0, 25, 50 eða 75% af þeim tolli sem tilgreindur er í tollskrá. Þessi útfærsluleið virðist mér að geri að engu vald löggjafans til að skilgreina starfsumhverfi garðyrkjunnar.

*Um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu
á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum.*

Í 19. greininni eru lagðar til breytingar á 53. greininni. Ákvæðið um að heimilt sé að skipta tollkvótum upp í einingar þykir mér óljóst. Einnig vekur athygli að talið er nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að „endurúthluta megi tollkvótum sem ekki eru nýttir“.

Í 20. grein er fjallað um nýja 53. grein A sem byggir á viðauka IVB sem ég hef áður vakið athygli á. Landbúnaðarráðherra getur að vísu ákveðið að viðbótarkvótar komi til frádráttar tollkvóta í viðauka IIIB en verði greinin samþykkt svona þá tel ég að flestir túlki þetta svo að vilji löggjafans sé sá að Ráðherra beri að vera eftirgefanlegur í sinni túlkun og semja reglugerð í þeim dúr.

Í 24. grein er lagt til að við bætist ný grein, 75. grein, um hlutverk þriggja manna nefndar. Hún skal vera til ráðuneytis (ekki ráðgefandi ?) og þar er fyrst talin útfærsla 53. greinar og 53. greinar A um úthlutun tollkvóta - og ekki nóg með það, hún á jafnframt að „gera tillögur til Landbúnaðarráðherra um þau verkefni sem henni eru falin með lögum þessum“.

Mín skoðun er sú að ef löggjafinn samþykkir þetta svona þá sé það ávísun á togstreitu og til þess fallið að torvelda Landbúnaðarráðherra að framfylgja þeim hluta GATT-samningsins sem snýr að tollkvótum.

*Um breytingar á lögum nr. 51/1981 um varnir gegn
sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 2. málsg. 3. greinar
laganna, sbr. 1. nr. 59/1990.*


Hér virðist vera ákvæði um óskilgreinda gjalddöku á íslenska garðyrkjubændur. Þetta vekur nokkra furðu vegna þess að „gamla“ eftirlitsgjaldið hefur snúið að því að einangra og útrýma nýjum skaðvöldum sem hingað hafa borist með innflutningi.

Annars vil ég bæta því við að garðyrkjubændur hafa áhyggjur af því að eftirlit með innflutningsmagni hinna einstöku tolltaxta verði erfitt. Gamla kerfið var einfaldara en samt vantaði mikið á að eftirlit væri þar nóg. Ekki vil ég gera tillögu um fyrirkomulag á hugsanlegu eftirliti en bendi á að Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sá aðili sem fyrirfram fær að vita um innflutning.


Eins og áður er getið ætla ég ekki að gera sérstakar athugasemdir við Viðauka I. Ég vil þó nefna að margar breytingar á tollflokkum 6. kaflans eru til hins betra, þ.e. ef hugmyndir um útræslu þá sem Landbúnaðarráðuneytið hefur sett fram (magn, tímabil) ná fram að ganga. Fyrir því er engin trygging eftir því sem ég fær best séð.

Að framansögðu þarf ég víst ekki að taka það fram að ég tel nauðsynlegt að vilji löggjafans komi skýrar fram í þessum lagabreytingum og á ég þá sérstaklega við tollkvótana, Viðauka IVB og verksvið nefndarinnar í 75. grein.


Virðingarfyllst,



Sigurður Þráinsson



Samanburður á magni innflutnings nokkurra teg. blómjurta og leyfilegu magni á innflutningi sömu teg. á lágmarkstollum skv. GATT-samningi



Heimild: Hagstofa Íslands-Gatt samkomul.

72-12/0595/M952/UPL Jún.



Alþingi

Erindi nr. P 119 / 43

komudagur 2/16 1995

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Hr. Guðni Ágústsson formaður

Vegna fyrirhugaðrar afgreiðslu á frumvarpi til laga vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni vilja Bændasamtök Íslands vekja sérstaka athygli háttvirtrar landbúnaðarnefndar á eftirfarandi atriðum.

1. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neins konar verðtryggingu á rauntollum skv. viðauka I. Þótt verðlag hafi verið stöðugt um nokkurt skeið, er ekki tryggt að svo verði út gildistíma GATT-samningsins.
2. Verðforsendur fyrir útreikningi tollverndar byggjast ekki nema að litlu leyti á reynslutölum, og mikil óvissa er um vöruval og verðlag á ýmsum vöruflokkum er til innflutnings kemur.
3. Þar sem víða ber á milli í tollskránum í viðauka I og viðauka II skortir nokkuð á eðlilega yfirsýn við samlestur. Þó er ljóst eftir yfirferð á viðauka I, að verulegt misræmi er í fyrirhugaðri tollvernd á vörum ú sama hráefni í mismunandi tollflokkum. Þar stingur t.d. í augu hve sýrður rjómi (tollnr. 0403 9019) fær lágan toll í samanburði við rjóma (tollnr. 04013000) og kakóblandað undanrennu- og mjólkuduft (tollnr. 1806 2003) miðað við undanrennuduft (tollnr. 0402 1000) og mjólkurduft (tollnr. 0402 2100), en þessi hráefni geta numið allt að 90% af blöndunni..

Af þessum sökum telja Bændasamtök Íslands líklegt að endurskoða verði lögin, þegar nokkur reynsla liggur fyrir um framkvæmd þeirra og reikna má með, að ýmsar misfellur hafi komið í ljós, sem ekki verða séðar fyrir.

Þá benda samtökin á, að á unnar vörur, sem falla undir ákvæði fríverslunarsamninga eða bókun 3 með EES (t.d. í köflum 18-22), gerir frumvarpið ráð fyrir að tollar samsvari þeim verðjöfnunargjöldum sem nú eru lögð á viðkomandi vörur og eru, a.m.k. í mörgum tilvikum, langt undir leyfilegum bindingum. Hætta er á, að þetta rýri samningsstöðu Íslands gagnvart Esb. nú þegar endurskoðun á bókun 3 með EES er í gangi, þar sem ekkert svigrúm er til að bjóða EES-ríkjunum sérstök fríðindi, nema þá að lækka þessa tolla gagnvart þeim niður fyrir það sem viðunandi er. Ennfremur er líklegt að aðstaða okkar í næstu GATT-samningalotu verði þrengri af sömu ástæðu.

F.h. Bændasamtaka Íslands

Ari Teitsson

Áhrif tollabreytinga vegna GATT á nokkrar grænmetistegundir											
Tollnr	Vöruheiti	Tollur 1994	Tollverð pr/kg	Tollur	Innfl.v des. 1994	Áætlað smás.verð	Verðt. frumv.	Magnt. frv	Verð eftir GATT	Hækkun	Áætlað smá- söluverð
0707-0001	Tómatar 1/11-1/3	0%	114	0	114	217	30%	198	346	204%	658
0707-0002	Tómatar	30%	114	34	148	282	30%	198	346	134%	658
0703-1001	Laukur	0%	35	0	35	67			35	0%	67
0703-9000	Blaðlaukur	30%	85	26	111	210	30%	227	338	205%	641
0704-1000	Blómkál	30%	52	16	68	128	30%	176	244	260%	463
0704-9000	Hvítkál	30%	40	12	52	99	30%	79	131	152%	249
0704-9000	Kínakál	30%	94	28	122	232	30%	206	328	169%	624
0705-1101	Icebergsalat 1/11-1/3	0%	121	0	121	230	30%	194	351	190%	667
0705-1102	Icebergsalat	30%	121	36	157	299	30%	194	351	123%	667
0706-1000	Gulrætur	30%	51	15	66	126	30%	136	202	205%	384
0707-0001	Agúrkur 1/11-1/3	0%	126	0	126	239	30%	197	361	186%	686
0707-0009	Agúrkur	30%	126	38	164	311	30%	197	361	120%	686
0709-4000	Sellery	30%	74	22	96	183	30%	276	372	287%	707
0709-5100	Sveppir	30%	246	74	320	608	30%	400	720	125%	1.368
0709-6002	Paprika 1/11-15/3	0%	121	0	121	230	30%	397	554	358%	1.053
0709-6003	Paprika	30%	121	36	157	299	30%	397	554	252%	1.053
		30%		0	0						

Alþingi
 Erindi nr. B 119/84
 komudagur 2/12 1995

Ágætt. Sleipapfel - 1/3 skammt var - hefur.

Alþingi

Erindi nr. P 119/45

komudagur 2/6 1995

Greinargerð um GATT og kartöflur.

I. Inngangur

Með greinargerð þessari eru skýrð áhrif á gildistöku GATT samninga sérstaklega er varðar kartöflur. Það er ljóst að íslenskir kartöfluframleiðendur munu fara illa út úr þessum tillögum. Það er jafnvel mat manna að kartöflurækt sem slak á Íslandi er í uppnámi og ákveðinn ótti að hún muni dragast verulega saman þar sem aðgangur innflutnings er alltof rúmur.

II. Innihald GATT samningsins er varðar kartöflur

Fyrir Alþingi liggur fyrir tillögur um tollverndun á kartöflum samfara gildistöku GATT samninga. Þar er gert ráð fyrir 30% tolli og 59 kr/kg í tollvernd sem lækkar hlutfallslega næstu árin og endar í kr 50 á kg árið 2000. Jafnframt er gert ráð fyrir allt að 270 tonna innflutningi á 40% tolli sem eykst í 450 tonn í lok tímabilsins. Hér er gert ráð fyrir innanlandsneyslu upp á 9000 tonn á ári.

III. Áhrif GATT samningsins á innlenda kartöfluframleiðslu

a) Tollaígildið kr 59 á kíló

Þetta tollaígildi fyrir kartöflur er alltof lágt. Heildsöluverð íslenskra kartaflna í dag er frá bilinu 80-125 kr. Þann 1. júlí n.k. er áætlað að erlent CIF verð gæti numið um 25-30 kr á kíló, og jafnvel lægra. Með 30% tolli og 59 kr tollaígildisvernd gæti kostnaðarverð numið 91 til 98 kr á kíló sem er lágt verð miðað við heildsöluverðið. Verndunin er því engin. Krónutalan er alltof lág hún þyrfti að vera að lágmarki 100 kr til þess að einhver verndun sé í samningnum. Íslenskir kartöflubændur geta alls ekki keppt við þennan innflutning.

b) Hvað skeður 1. júlí n.k.

Það er ljóst að þann 1. júlí n.k. verða fluttar inn nýjar erlendar kartöflur. Verndunin er enginn og íslenskir kartöfluframleiðendur sem hafa átt mjög erfiðan vetur munu líklega ekki geta selt kartöflur sínar. Leiða má líkur að því að þeir þurfi að henda restinni af uppskeru frá síðasta hausti. Þetta er mjög alvarlegt mál gagnvart framleiðendum enda ljóst að þeir munu fara mjög illa út úr samkeppninni við innflutninginn strax á fyrsta degi.

c) Neysla

Innanlandsneysla á kartöflum 1988, sem er viðmiðunarár samningsins, gerir ráð fyrir 9000 tn neyslu á ári. Neyslan er í raun mun minni. Neyslan í dag er talin vera um 500 tn á mánuði eða 6000 tn á ári. Hægt er að ganga úr skugga um þetta með að skoða innflutningstölur fyrir árin 1993 og 1994, en þá voru fluttar inn kartöflur frá tímabilinu Apríl til Ágúst. Markaðsaðgangur á lágum tollum (40%) ætti því að vera 180 tn í byrjun og í lok tímabils 300 tonn.

d) Framkvæmd tollkvóta sem skylt er að leyfa innflutning á

Innflutningur 3-5% af innanlandsneyslu sem skylt er að leyfa innflutning á er mikið magn. Ónskilegt er að það magn komi inn sem matarkartöflur. Verðmunurinn er það mikill að það truflar markaðinn verðlega séð. Flutt er inn verulegt magn á hverju ári til iðnaðarframleiðslu s.s. framleiðslu franskra kartaflna og snakks. Nauðsynlegt er að það magn sem skylt er að flytja inn fari til slíkrar framleiðslu, en alls ekki á matarkartöflumarkaðinn. Einnig er nauðsynlegt að framkvæmd með þessum innflutningi verði þannig háttað að hlutfall af sjóðagjaldaskilum ráði hvernig honum verði ráðstafað til innflutningsaðila. Það að nota hlutkesti við ráðstöfun magnsins er óraunhæft þar sem sá sem hann hreppir gæti matað krókinn eflaust á óeðlilegan hátt. Önnur tillaga í ráðstöfun þessa magns mætti hugsa sér með að bjóða hæstbjóðanda þenna "kvóta" til kaups.

Niðurlag

Það er mikill ótti hjá framleiðendum vegna þessara samninga. Kartöfluræktun á Íslandi er í húfi. Leiða má verulegar líkur á því að hún kann að leggjast niður að stórum hluta. Í húfi er afkoma bænda í þessari grein og fjölskyldna þeirra. Alþingismenn verða að gera sér grein fyrir þessum staðreyndum og breyta í meðförðum þingsins þessum tillögum þannig að bændur geti haldið höfði og ræktað kartöflur á Íslandi í eðlilegri samkeppni við innflutning.

Dags 30.5.1995


Alþingi

Erindi nr. Þ 119 146

komudagur 216 1995

37

TÓMATAR - frávik A%+A1 frá GATT-tilboði miðað við mismunandi cif-verð.



Tómatar 50 kr/kg

$$(CIF + SDR) \times 1,3 \approx 325 \text{ kr/kg}$$

$$(CIF \times 1,3) + SDR \approx 263 \text{ kr/kg}$$